

ADALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, miðvikudaginn 17. apríl var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2023. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og hófst kl. 9:00.

Þessi sátu fundinn: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs fyrir Akraneskaupstað og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Gylfi Magnússon, stjórnarformaður tók þátt í fundinum sem og stjórnarfélagið Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason og Þórður Gunnarsson. Þá tóku þátt Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari og Björg Magnúsdóttir, aðstoðarmaður borgarstjóra og Davíð Arnar Einarsson löggiltur endurskoðandi frá Grant Thornton. Einnig Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Snorri Þorkelsson.

Þetta gerðist:

Forstjóri setti fund og lagði til að fundarstjóri yrði kosinn Gylfi Magnússon og Elín Smáradóttir ritari fundarins. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti hann löglegan. Var þá gengið til dagskrár.

- Formaður stjórnar, Gylfi Magnússon, flutti skýrslu stjórnar og benti einnig á rafræna Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2023, sem er samþætt skýrsla er nær til umhverfisþátta, samfélagsmála, stjórnháttar og fjárhags Orkuveitu Reykjavíkur.
- Samþætt Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2023 með umfjöllun um umhverfismál, loftslagsmál, samfélagsmál, stjórnarhætti og fjármál lögð fram, sbr. lið 1.
- Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2023 lagður fram til staðfestingar. Davíð Arnar Einarsson gerði grein fyrir áritun endurskoðenda. Reikningurinn var af stjórn og forstjóra og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 7. mars 2024.

Umræður.

Reikningurinn borinn upp og staðfestur samhljóða.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfeldri niðurstöðu óvissuþátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til framhaldsaðalfundar, sem haldinn verði eins fljótt og auðið er.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, um þóknun stjórnarmanna. Tillögunni fylgir greinargerð.

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til

almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.

6. Kjöri stjórnar lýst.

Fulltrúar Reykjarvíkurborgar.

Aðalmenn:

Gylfi Magnússon, sem er formaður, Vala Valtýsdóttir, sem er varaformaður, Skúli Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Þórður Gunnarsson.

Varamenn:

Auður Hermannsdóttir, Björn Gíslason, Páll Gestsson, Sara Björg Sigurðardóttir og Ragnheiður Björk Halldórsdóttir.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar.

Aðalmaður:

Valgarður Lyngdal Jónsson.

Varamaður:

Kristinn Hallur Sveinsson.

Áheyrnarfulltrúar Borgarbyggðar.

Aðalmaður:

Guðveig Lind Eyglóardóttir.

Varamaður:

Davíð Sigurðsson.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 9:20.

Einar Þorsteinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Steinar Adolfsson

Undirritunarsíða

Einar Þorsteinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Steinar Dagur Adólfsson